

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

228. fundur, aukafundur, Skipulags- og umhverfisráðs Húnaþings vestra, kynningafundur Landmótun landlagsarkitektastofu vegna aðalskipulags Húnaþing vestra, fyrir Skipulags- og umhverfisráðs Húnaþings vestra og Sveitarstjórn Húnaþing vestra, haldinn þriðjudaginn **26. nóvember 2013 kl. 13:00** í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, Hvammstanga.

Auk skipulags- og umhverfisráðs sátu fundinn fulltrúar sveitarstjórnar, Leó Örn Þorleifsson, Stefán Einar Böðvarsson, Elín Jóna Rósinberg, Sigurbjörg Jóhannesdóttir, Elín R. Líndal, Skúli Þórðarson sveitarstjóri og Sigurður Kjartansson sem áheyrnarfulltúi.

Efni fundar:

1. Aðalskipulag, nýtt aðalskipulag 2014 – 2026 kynnt af Yngva Þór Loftssyni landlagsarkitekt hjá Landmótun.

Afgreiðslur.

1. Fulltrúar Landmótunar, Yngvi Þór Loftsson, Óskar Örn Gunnarsson og Margrét Ólafsdóttir fóru yfir vinnu sem fram hefur farið vegna gerðar Aðalskipulags fyrir Húnaþing vestra 2014-2026.
Yngvi Þór óskaði eftir því að skipulags- og umhverfisráð og sveitarstjórn tækju einstaka liði í skipulagsgerðinni til sérstakrar umfjöllunar m.a. að stefnt verði að kynningarfundum fyrir íbúa í janúarmánuði nk.
Þá var farið yfir atriði er fram komu á kynningarfundum með íbúum í aprílmánuði sl.
Óskar kynnti fundarmönnum gerð umhverfisskýrslu sem samþykkt var að skipulags- og umhverfisráð og sveitarstjórn myndu vinna frekar með hið allra fyrsta.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:10.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Guðjón Loftsson (sign.),
Sigurbjartur Halldórsson (sign),
Gísli Kjartansson (sign),

Jóhannes Erlendsson (sign.),
Unnsteinn Andrésen (sign.),
Anna María Elíasdóttir. (sign.).